

Tillaga Kennarafélags Reykjavíkur í Skóla- og frístundaráði 13.06 2018.

Skóla- og frístundaráð fagnar þeim mikilvæga áfanga sem náðst hefur fyrir skólastarf á komandi skólavetri að samþykktur hefur verið með 74% atkvæða kjarasamningur grunnskólakennara við sveitarfélögin. Vel heppnuð og jákvæð innleiðing kjarasamningsins er lykilatriði fyrir jákvæða þróun skólastarfs í Reykjavík.

Skóla- og frístundaráð beinir því til skólastjóra í Reykjavík að sérstaklega verði gætt að eftirfarandi þáttum við innleiðingu kjarasamnings skólaárið 2018-2019 í Reykjavík.

1. Í kjarasamningi er „vinnumat“ felld út. Álag í starfi og skortur á sveigjanleika hefur verið einn helsti orsakavaldur óánægju í starfi kennara ásamt lágun launum. Mikilvægt er að minnka álag í skipulagi skólastarfsins og auka sveigjanleika. **Undirbúningur og úrvinnsla kennslu á að vera í algerum forgangi.** Eðli slíkrar vinnu er þannig að hún kallar á mikinn sveigjanleika enda oft unnið í tórnum. Því þarf bundin viðvera að miðast við það að sem fæstir dagar séu með sérstaka bundna viðveru. Nokkrir skólar hafa gert árangursríkar tilraunir með að minnka þessa miðstýrðu bindingu mikið og miða bundna viðveru við 1-2 daga í viku. Heildarvinnutími kennara á ársgrundvelli helst eftir sem áður hinn sami. Þá er í kjarasamningi minnkaður sá tími sem skólastjóri ráðstafar og eru skólastjórar hvattir til að minnka þann tíma meira, eins og frekast er unnt.
2. Eins og skýrt er kveðið á um í kjarasamningi þá skal greiða aukalega fyrir þau verk sem ekki rúmast innan vinnuramma eða verksviðs kennara. **Kennsla, undirbúningur og úrvinnsla hefur forgang í starfi kennara.** Því verða önnur sértæk viðbótarverkefni sem ekki rúmast að greiðast aukalega.
3. Vinna við nýtt námsmat hefur reynst alltof mikil og verið víðast unnin án aukagreiðslu til kennara. Áleitnar spurningar hafa komið fram um skýrleika og raunverulega gagnsemi þessa kerfis. Gæta þarf að því næsta vetur að þetta endurtaki sig ekki með sama hætti.
4. Auka lýðræðisþátttöku kennara í ákvörðunum skóla um skólastarf, skólaþróun og endurmenntun í anda nýrrar lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar.
5. Hver skóli kappkosti við að bæta allt starfsumhverfi kennara og hafi aukna vellíðan kennara í starfi sem meginmarkmið. Það eitt eykur námsárangur nemenda umtalsvert eins og rannsóknar hafa leitt ítrekað í ljós.

Jón Ingi Gíslason.

Formaður Kennarafélags Reykjavíkur.

Fulltrúi í samninga og viðræðunefnd FG.